

KVENNALEIÐANGUR Á ANNAPURNA I:

Núna um staðvindaskeiðið mun amerískur fjallgönguleiðangur, sem eingöngu er skipaður kvenfólki, reyna að klífa Annapurna I (8.091 m). Mun þetta vera fyrsti kvennaleiðangurinn, sem Bandaríkjameðal senda til að klífa meiri háttar tind í Himalaya. A síðustu árum hafa verið farnir meiri háttar leiðangrar, sem konur hafa tekið þátt í:

Japönsk kona kleif Annapurna III, Manaslu og Everest.

Pólsk kona kleif Gasherbrum II og III.

Kínversk kona kleif Everest.

Arið 1906 kleif Fanny Bullock, félagi í AAC (American Alpine Club), upp í neðri hluta Pinnacle Peak (7.102 m). Var þetta það hæsta, sem kona hafði

-5-

komist upp til þess tíma, og stóð þetta met í 63 ár eða til 1969, þegar Alice Liska setti annað met, þegar hún kleif neðri hluta Neshaq (Hindu Kush) upp í 7.468 m, sem er það hæsta, sem amerískar konur hafa komist í.

Leiðangurinn á Annapurna I ætlar að fara norðan megin. Til þessa hafa verið farnir þrír vel heppnædir leiðangrar upp norðurhlíðina. Vegna mikillar hættu á snjóflóðum á „frönsku leiðinni“ (sem venjulega er farin), eru konurnar að hugleiða að fara nýja leið eða þá að fara leið, sem þjóðverjar fóru. Ameríski leiðangurinn er skipaður 10 konum. Fimm af þeim eru félagar í AAC: Arlene Blum, leiðangursstjóri Irene Miller, aðstoðarleiðangursstjóri; Vera Komarkova, Joan Firey og Vera Watson, allar frá vesturströnd Bandaríkjanna. Aðrar eru Alison Chadwick frá Englandi, Liz Klabusicky, sem er í Þýskalandi sem stendur, Piro Dramar, sem er læknir leiðangursins, Margi Rusmore og Ann Witehouse, báðar síðasttöldu frá vesturströnd Bandaríkjanna. Aldurinn er á bilinu frá 21 til 50 ára.

Undirbúningur leiðangursins er á lokastigi. Hafa félagarnir og margir sjálfboðaliðar séð um hann. Erfiðasta málid hefur verið að afla nægilegs fjár til að fjármagna fyrirtækið. Endanlegt val á Annapurna I réðist að nokkru af því fjármagni, sem tókst að útvega, (\$ 80.000 = ÍKr. 20.000.000), þar eru burðarmenn (Sherpar) og súrefnistæki stærstu kostnæðarliðirnir.

Hreinn Magnússon, Snævar Guðmundsson